

Reykjavík 14. febrúar 2023

Umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um erindi sem barst til borgarstjórnar Reykjavíkur frá Unicef vegna tækifæra barna til áhrifa og ungmennaRÁÐ TIL RÁÐAMANNA

Á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna 6. febrúar 2023 var farið yfir erindi sem Unicef sendi borgarstjórn Reykjavíkur og forsætisnefnd fékk til meðferðar en óskað var eftir því að Reykjavíkurráð gerði umsögn og kæmi einnig með tillögur að breytingum.

Fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna taka undir hvatninguna um að fjölga megi tækifærum barna til áhrifa innan sveitarfélagsins þrátt fyrir að þar séu nú starfandi sex ungmennaráð og Reykjavíkurráð ungmenna og taka einnig undir að það ætti að vera skylda fyrir öll sveitarfélög að vera með ungmennaráð. Reykjavíkurborg hefur ekki tekið þátt verkefni Unicef um Barnvæn sveitarfélög og höfuðborgin á Íslandi ætti endilega að taka þátt í því verkefni.

Farið var yfir ráðin tólf sem sett eru fram í bréfinu og í framhaldi af því vilja fulltrúar benda á hvar væri hægt að gera betur.

Upplýsingaflæði (nr. 1-3)

Það mætti bæta og leggja meiri áherslu á upplýsingaflæði og auka samráð við ungmenni varðandi varðandi mál sem þau varðar áður en ákvarðanir eru teknar. Ungmenni vilja fá tækifæri til að mótmæla, leggja til breytingar eða í það minnsta koma skoðunum sínum á málum á framfæri.

Ráð og nefndir (nr. 6)

Finna mætti leiðir til að vera einnig með óformlegt en reglulegt samtal á milli ráðafólks og ungmenna, fundir með borgarstjórn og formleg ráð og nefndir sem eru mjög formlegur vettvangur eiga ekki að vera eina leiðin til að koma rödd ungmenna á framfæra.

Kynning á starfi ungmennaráða (nr. 7)

Það má gera betur hvað varðar kynningu á starfi ungmennaráðanna, til dæmis með því að gera fleiri auglýsingar, kynningarmyndbönd og nota samfélagsmiðla Reykjavíkurborgar til að kynna starfið.

Greiðslur fyrir fundi (nr. 8)

Það var lögð fram tillaga varðandi þetta á fundi ungmenna með borgarstjórn 2021. Frá 2022 hafa fulltrúar ungmenna fengið greitt fyrir fundinn með borgarstjórn en tillögunni var að öðru leiti vísað til vinnu við fjárhagsáætlunargerðar og meira hefur ekki heyrst af þessari vinnu.

Fundartímar hjá ráðum og nefndum (nr. 9)

Reykjavíkurráð ungmenna er með áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði og þeir fundir eru kl. 13.15-16 annan hvern mánudag sem hentar ungmennum ágætlega, það væri verra ef þeir væru haldnir að morgni á skólatíma. Það er mikilvægt að taka tillit til þess að fundartími henti ungmennum. Í starfshópum og öðrum verkefnum hefur yfirleitt verið lögð áhersla á að finna fundartíma sem hentar ungmennum.

Eftirfylgni (nr. 10)

Á fundi ungmenna með borgarstjórn 2021 var lögð fram tillaga um að gera upplýsingar um úrvinnsluferli tillagna aðgengilegt, t.d. á heimasíðu Reykjavíkurborgar, til að auðvelda ungmennum að fylgjast með stöðunni á vinnu með tillögurnar. Hingað til hafa þessar upplýsingar ekki verið aðgengilegar með einföldum hætti heldur eingöngu í gegnum formleg svör og fundargerðir. Þarna væri hægt að gera betur.

Fjármögnun verkefna (nr. 12)

Ungmennaráð hafa stuðning frá starfsfólki sem vinnur með ráðunum, hafa fjármagn til að styrkja árlega verkefni ungmenna og til að halda tvö ungmennahing á ári og eru þakklát fyrir það en auðvitað þarf að tryggja að verkefni sem snúa að börnum og ungmennum séu vel fjármögnuð.